

# Faghópur um vefstjórnun - skýrsla stjórnar 2013-2014

Faghópur Ský um vefstjórnun tók aftur formlega til starfa 15. maí 2012 eftir að hafa legið í dvala um nokkurt skeið. Megin þunginn í starfi hans felst í því að standa fyrir viðburðum um vefstjórnun.

## Í stjórn faghópsins 2013-2014 voru:

Sigurjón Ólafsson, Fúnksjón vefráðgjöf, formaður

Einar H. Reynis, Símanum

Díana Dögg Víglundsdóttir, Háskóla Íslands

Heiða Gunnarsdóttir, Advania

Kjartan Sverrisson, Guitarparty.com

Ágúst Valgeirsson, Advania

Frá síðasta aðalfundi hefur faghópurinn **staðið fyrir fimm viðburðum** sem allir hafa verið vel sóttir og greinileg eftirspurn er eftir fræðslu og kynningum sem snerta starfssvið vefstjórnenda. Það verður nýrri stjórn hvatning til að halda áfram á sömu braut.

**Í janúar 2014 var efnt til hádegisverðarfundar um sölu á netinu** en undanfarin misseri hefur vefverslun tekið kipp og fyrirtæki stunda í vaxandi mæli öfluga markaðssetningu á netinu. Á þessum hádegisfundi voru flutt erindi frá sérfræðingi í markaðssetningu á netinu ásamt nokkrum reynslusögum úr verslun og ferðapjónustu sem gáfu okkur innsýn í hvernig hægt er að ná árangri á þessu sviði.

**Í september 2013 var haldinn fjölsóttur hádegisverðarfundur um vefhönnun og notendaupplifun** en mikil gerjun á sér stað í vefhönnun í dag. Vefstjórar standa frammi fyrir mörgum spennandi kostum en geta líka fyllst valkvíða. Á fundinum voru erindi frá tveimur af færustu vefhönnuðum á Íslandi sem veittu innsýn í þróun vefhönnunar. Boðið var upp á fyrirlestur um hönnun og notendaupplifun í Meniga heimilisbókhaldinu. Í lokin voru pallborðsumræður um samstarf vefhönnuðar og vefstjóra.

**Í maí 2013 var efnt til örkyninga og efnið var Google verkfærin.** Flestir vefstjórar nýta sér ýmis verkfæri frá Google en hafa oft ekki tíma til að kafa djúpt og nýta þau til fullnustu. Í þremur örkyningum var fengin leiðsögn reyndra sérfræðinga í Google Analytics, Google Webmaster Tools og Google Adwords.

**Í apríl 2013 voru einnig örkyningar og í þetta skiptið um notendaprófanir** en í starfi vefstjórans er mikilvægt að kynnast notendum og þeirra þörfum. Notendaprófanir eru mikilvægur þáttur í vefþróun og fyrirtæki eru að verða meðvitaðri um mikilvægi endurgjafar frá notendum og notendamiðaðrar hönnunar. Í þremur örkyningum fengu fundargestir ólík sjónarhorn fram á þessu sviði. Aðferðafræði CCP í notendamiðaðri hönnun, reynslusaga af framkvæmd notendaprófana hjá Ferðamálastofu og erindi

fræðimanns frá Háskólanum í Reykjavík.

**Í mars 2013 var svo efnt til hádegisfundar um starf vefstjórans.** Við fengum reynslusögur frá nokkrum vefstjórnendum þar sem þeir fóru yfir helstu þætti í sínu starfi og sögðu frá áhugaverðum verkefnum sem þeir vinna að.

Stjórnin hittist reglulega til að skipuleggja starfið. **Tveir viðburðir eru áformaðir** á næstu mánuðum, hádegisfundur um menntamál í vefgeiranum í samstarfi við faghópu um menntunarmál og örkyrningar um vefstjórnun.

Nokkrar **breytingar verða á stjórn** faghópsins fyrir næsta starfsár. Kjartan Sverrisson, Már Örlygsson og Ágúst Valgeirsson hverfa úr stjórn. Í stað þeirra koma Steinunn Jónasdóttir, Háskólanum í Reykjavík, Hildur Óskarsdóttir, Flugfélagi Íslands, Hjalti Már Einarsson, Nordic Visitor og Hreinn Hreinsson, Reykjavíkurborg.

#### **Eftirtaldir hafa boðið sig fram í stjórn faghópsins 2014-2015**

Sigurjón Ólafsson, Fúnksjón vefráðgjöf  
Einar H. Reynis, Símanum  
Díana Dögg Víglundsdóttir, N1  
Heiða Gunnarsdóttir, Advania  
Steinunn Jónasdóttir, Háskólanum í Reykjavík  
Hjalti Már Einarsson, Nordic Visitor  
Hreinn Hreinsson, Reykjavíkurborg  
Hildur Óskarsdóttir, Flugfélag Íslands

Fyrir hönd stjórnar  
Sigurjón Ólafsson